



## Fundargerð hreppsnefndar 07. nóvember 2013

**Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 7. nóv. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórunn Egilsdóttir. Jafnfamt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 24. okt. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 24. okt. sl. Fram kom fyrirspurn varðandi 8. tl. fundargerðarinnar "Vátryggingarmál Vopnafjarðarhrepps". Sveitarstjóri svaraði framkominni fyrirspurn.

Fundargerðin síðan samþykkt með 6 atkvæðum einn sat hjá.

2. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 31. okt. sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 31. okt. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sé hljóðs undir 5. tl. fundargerðarinnar varðandi gjaldskrármál. Gerði hann grein fyrir tillögu hafnarnefndar að nýrri gjaldskrá og lagði fram yfirlit um gjöldin og breytingarnar, ásamt endanlegri tillögu að nýrri gjaldskrá.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu hafnarnefndar um gjaldskrárbreytingar fyrir sitt leyti.

3. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta.

-Síðari umræða.-

Fjárhagsáætlun A - og B- hluta fyrir árið 2014 var tekin til fyrri umræðu 24. okt. sl. Milli umræðna hafa verið haldnir vinnufundir um fjárhagsáætlunina, sem allir hreppsnefndarmenn hafa tekið þátt í. Jafnframt hefur verið farið yfir drögin með forstöðumönnum stofnana og deilda. Vonast er til þess að fyrir tilstilli þessarar vinnu verði fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 betri og nákvæmari en hún ella hefði orðið.

Sveitarstjóri lagði fram breytingartillögur, sem gerðar hafa verið milli umræðna á frumvarpi til fjárhagsáætlunar. Skýrði hann breytingarnar og lagði síðan fram nýtt málaflökkayfirlit eftir breytingar, rekstrarreikning samstæðunnar, sjóðstreymi og efnahagsreikning. Ennfremur var lagt fram sérstakt sundurliðunarblað á gjaldfærðri fjárfestingu. Þá lágu fyrir fundinum tillögur að gjaldsrárbreytingum stofnana sveitarfélagsins sem áður hafa verið kynntar og miðað er við í vinnslu fjárhagsáætlunar 2014.

Öll þessi gögn taka mið af þeim breytingartillögum, sem unnar hafa verið milli umræðna.

Sveitarstjóri lagði síðan fram greinargerð sína með fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Í henni segir meðal annars:

"Að ráðgert sé að allir sjóðir í A -og B- hluta verði samtals gerðir upp með 124,9 m. kr. hagnaði á árinu 2014. Í sjóðstreymi kemur í ljós, þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 186,9 m. kr. Engar breytingar eru áætlaðar á skammtímalíðum. Handbært fé frá rekstri er því 186,9 m.kr., sama fjárhæð og veltufé frá rekstri.

Í fjárfestingar er áætluð nettófjárhæð að upphæð 108,6 m.kr., sem nánar eru sundurliðaðar í sérstöku yfirliti, sem fylgir áætluninni.

Eins og fram kemur í skuldahlið áætlunarinnar hafa skuldir verið lækkaðar verulega á síðustu árum og er enn ráðgert að ganga lengra í þessum efnunum á komandi ári þrátt fyrir áætlun um talsvert

miklar fjárfestingar. Engin ný lán hafa verið tekin hjá sveitarfélaginu til margra ára. Þannig hafa skuldir sveitarfélagsins lækkað úr liðlega 200 % af heildartekjum í 101 % árið 2012. Í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var áætlað að þetta hlutfall yrði 92,6 % og í nýrri áætlun fyrir árið 2014 er ráðgert að þetta hlutfall verði komið í 69,3 %. Breyting þessi verður að teljast afrek. Ekki síst fyrir þær sakir að sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir að þetta hlutfall megi vera 150 % af tekjum og að aðlögunarfrestur sveitarfélaga sé 10 ár til þess að ná því marki. Hér hefur því verið gengið með mun meiri krafti til verks. Af þessum sökum lækka greiðslur verðbóta og vaxta verulega frá því sem hefur verið á umliðnum árum. Þetta léttir stöðu sveitarfélagsins til mikilla muna inn í framtíðina og gerir sveitarfélaginu kleift að greiða skuldir og framkvæmdir af sjálfsaflafé út úr rekstri.

Afborganir lána árið 2013 eru áætlaðar 53,9 m.kr.

Eins og greint var frá hér að framan þá er hreint veltufé frá rekstri áætlað 186,9 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar 108,6 m.kr. og afborganir lána eru áætlaðar 53,9 m.kr. Handbært fé hækkar því um 24,4 m.kr.

Handbært fé í ársbyrjun er 85,4 m.kr. og verður því 109,8 m.kr. í árslok. Engin ný lán eru tekin á árinu 2014.

Í ársreikningi 2011 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins

114,5 % af heildartekjum, sem er vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum, en þar er miðað við að þetta hlutfall megi helst ekki fara yfir 150 % markið. Mörg sveitarfélög eru langt yfir þessu marki og í nýju sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark.

Áætlun ársins 2014 gerir ráð fyrir að þá hafi umrætt skuldahlutfall lækkað í 69,3 %, sem byggir á því að enn eru greiddar niður skuldir og einnig á því að tekin er inn ný stofnun Sundabúð legudeild, sem eykur til muna tekjur og útgjöld án þess að skuldir hækki.

Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma lítið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita.

Gleðilegt er að geta nýtt fjármuni sem áður fóru í fjármagnskostnað til þess að byggja upp betri þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.”

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2014 yrði samþykkt að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna og breytinga, sem kynntar voru á fundinum.

Talsverðar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum fundarmanna.

Að loknum umræðum var fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2014 tekin til atkvæðagreiðslu.

Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps með áorðnum breytingum var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

4. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2015-2017.

-Síðari umræða.-

Fyrir fundinum lá þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta ásamt greinargerð sveitarstjóra með áætluninni. Áætlunin var tekin til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 24. okt. sl. og var þá vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd.

Lögð var fram þriggja ára áætlun árána 2015-2017. Jafnframt lögð fram greinargerð sveitarstjóra með áætluninni, þar sem gerð er grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar og þeim markmiðssetningum, sem fram eru settar í henni. Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og í máli hans kom m.a. fram að:

“Áætlun þessi tekur mið af því að stigin hafa verið stór skref í niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er einnig gert ráð fyrir því að halda áfram á þeirri braut. Af þessum sökum verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar betri en ella væri þar sem fjármagnskostnaður lækkar verulega. Þriggja ára áætlun sýnir að áfram skal halda á þessari braut. Hreint veltufé frá

rekstri verður á bilinu 186,9 m.kr. til 196,3 m.kr. á tímabili áætlunarinnar, sem er 21,6 %-22,3 % af heildartekjum, sem verður að teljast ásættanlegt.

Öll árin 2014-2017 er gert ráð fyrir að hreint veltufé frá rekstri dugi vel fyrir öllum fjárfestingum og niðurgreiðslu þeirra lána sem greiða þarf niður. Á árinu 2014 verður þó ráðist í miklar fjárfestingar, sem brýnt er að vinna, enda margt setið á hakanum frá efnahagshruninu 2008. Ekki er áætlað að nein ný lán verði tekin á tímabilinu 2014- 2017. Miðað við lánamassa sveitarfélagsins eins og hann er í dag eru afborganir ársins 2014 53,9 m.kr. ársins 2015 55,6 m.kr. og ársins 2016 52,9 m.kr. og ársins 2017 49,2 m. kr. .

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að fjárfestingar á næsta ári verði um 12,8 % heildartekna og að liðlega 10 % heildartekna gangi til fjárfestinga á áætlunartímabili þriggja ára áætlunarinnar 2015-2017.

Svigrúm sveitarfélagsins til ýmisra aðgerða er þó töluvert mikið meira þar sem handbært fé er verulega jákvætt allt tímabilið og er 256,8 m.kr. í árslok 2017. Af þessu sést að svigrúm sveitarfélagsins til frekari fjárfestinga eða fjárfrekra aðgerða er talsvert umfram það sem ráðgert er. Auk þess væri mögulegt að greiða lán hraðar niður en áætlunin sýnir.

Með þessu móti er farin varfærin leið og miðað við að eiga borð fyrir báru komi upp óvænt útgjöld, sem ekki eru fyrir séð eða ef forsendur fjármála þjóðarskútunnar bresta eins og við erum brennimerkt af eftir fjármálakrísuna sem við höfum upplifað frá árinu 2008.

Í ársreikningi 2012 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins 101 % af heildartekjum, sem er vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum en þar er miðað við að þetta hlutfall megi helst ekki fara yfir 150 % markið. Mörg sveitarfélög eru langt yfir þessu marki og í nýju sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark. Hér er gengið mun hraðar til verks og áætlað er að á árinu 2013 verði þetta hlutfall komið í 92,6 % og lækki síðan í 69,3 % 2014, 64,3 % 2015, 58,9 % 2016 og verði í lok tímabils 2017 53,9 %.

Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma litið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fyrirbyggjandi þriggja ára áætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2015-2017 yrði samþykkt eins og hún liggur fyrir á fundinum hér í dag við síðari umræðu. Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi áætlun og gögn og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Fyrirbyggjandi áætlun ásamt greinargerð var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Vaxtasamningur umsókn um styrk, Umskipunarhöfn Finnafirði

Lögð fram umsókn Vopnafjarðarhrepps um styrk úr Vaxtasamningi Austurlands. Verkefnið ber vinnuheitid „Umskipunarhöfn í Finnafirði“. Markmið verkefnisins er að efla og auka fjölbreytni atvinnulífs á Vopnafirði, Austurlandi og raunar landinu öllu. Ráðgert er að störfum fjölgi verulega og fjölgun íbúa á svæðinu verði umtalsverð.

Á grundvelli væntinga um verulega auknar siglingar um Norðurishafið frá Kyrrahafi og niður til Atlanshafsins hefur verið unnið að hugmyndum um að byggð verði upp umskipunarhöfn á Íslandi, Finnafirði, þar sem vörunum er umskipað og síðan fluttar til ýmist Evrópu eða Bandaríkjanna. Siglingaleiðin um Norðurishafið frá Shanghai til Rotterdam er liðlega 5.000 þús. sjómílum styttri en ef farin er hin hefðbundna leið um Suezskurðinn. Gríðarlegur sparnaður er því bæði í tíma og kostnaði að vörur verði fluttar um þessa leið.

Í kostnaðaráætlun, sem fylgir umsókninni kemur fram að heildarkostnaður við vinnslu verkefnisins á tilgreindu tímabili er 18 m.kr., þar af er sótt um 5.000 þús. kr. úr vaxtarsamningi. Annað verði lagt út af aðilum verkefnisins og fyrirtækjum, sem hug hafa á framgangi þessara mála.

Hreppsnefnd fagnar framkominni umsókn og hvetur til áframhaldandi vinnu við framvindu verkefnisins í samvinnu við samstarfsaðila.

6. mál. Erindi til Fjárlaganefndar Alþingis dags. 1. nóv. 2013

Lagt fram erindi Vopnafjarðarhrepps til Fjárlaganefndar Alþingis dags. 1. nóv. sl., þar sem farið er yfir mismunandi mál í samskiptum ríkis og sveitarfélags. Í því sambandi má nefna Málefni Sundabúðar, legudeildar, áætlunarflug til og frá Vopnafirði, vegagerð, Mennta-menningar-og fræðasetur Kaupvangi, stofnun framhaldsskóladeildar, málefni Finnfjarðar, Minjasafnið Bustarfelli, flutningskostnað, húshitun, dreifbýlisstyrk o.fl.

Hreppsnefndarmenn töldu mikilvægt að farið yrði vel yfir þessi samskipti ríkis og sveitarfélags og fólu sveitarstjóra að vinna að framgangi þessara mála í viðkomandi ráðuneytum.

7. mál Bréf Austurbrúar dags. 4. nóv. sl., varðandi nýjan stofnsamning fyrir nýjan Atvinnuþróunarsjóð.

Lagt fram bréf Austurbrúar ses. frá 4. nóv. sl., ásamt drögum að nýjum stofnsamningi fyrir nýjan Atvinnuþróunarsjóð. Í bréfinu er spurst fyrir um afstöðu aðildarsveitarfélaga SSA til samningsins og óskað eftir að hún liggi fyrir eigi síðar en 23. nóv. nk.

Samkvæmt samþykkt stjórnar SSA verður framlag ársins 2014 821 kr. pr./íbúa.

Fundarmenn fóru yfir fyrirbyggjandi drög að samningi og að afloknum umræðum var gengið til atkvæða um samninginn.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjand stofnsamning og þar með að vera stofnaðilar að nýjum Atvinnuþróunarsjóði.

8.mál. Bréf Austrubruar dags. 4. nóv., varðandi fund sem boðað er til af framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga 8. nóv. á Egilsstöðum og Reyðarfirði.

Samþykkt að fulltrúi/fulltrúar Vopnafjarðarhrepps munu mæta á fundinn.

9. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Í þínum sporum bréf dags. 16. okt. sl., varðandi dag gegn einelti 8. nóv. nk.

Í bréfinu er minnt á að 8. nóv. er helgaður baráttunni gegn einelti og ennfremur óskað eftir að sem flestir undirriti þjóðarsáttmála gegn einelti. Hreppsnefnd hvetur til þess að stofnanir sveitarfélagsins taki heilshugar undir verkefnið og felur sveitarstjóra að undirrita sáttmálann fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

b) Aðalfundur skólaskrifstofu Austurlands verður haldinn 11. nóv. nk.

Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps mun mæta á fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.19.